

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sendandi:

Félag íþróttta-, æskulýðs-, og tómstundafulltrúa á Íslandi (FÍÆT)
Fannborg 2, 200 Kópavogi.

Efni: Umsögn um frumvarp til æskulýðsmála Þskj. 655 – 434 mál

2. gr.

Tryggja þarf að öll æskulýðsstarfsemi sveitarfélaga s.s. frístundaheimila, félagsmiðstöðva og ungmennahúsa, falli undir lög þessi. Taka þarf betur fram í greinargerð að svo sé.

6. gr.

Verður það hlutverk æskulýðsráðs ríkisins að gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum er varðar æskulýðsstarfsemi í sveitarfélögum?

7. gr.

Tryggja þarf að ófélagsbundin æska sem er í æskulýðsstarfsemi sveitarfélaga geti sótt um í æskulýðssjóðinn. Í dag hefur æskulýðsstarfsemi sveitarfélaga ekki fengið styrki úr sjóðnum þrátt fyrir umsóknir. Um er að ræða starfsemi sveitarfélaga eins og verkefni í frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum. Þau börn og ungmenni sem eru í æskulýðsstarfi á vegum sveitarfélaganna teljast ófélagsbundin. Miðað við núverandi stöðu á ófélagsbundin æska ekki aðgang að fjármagni sem ríkið leggur til æskulýðssjóðs (sjá úthlutanir úr sjóðnum síðustu tvö ár).

10 gr.

Skoða þarf fyrningareglur þeirra laga sem um ræðir.

11. gr.

Hvað er frjálst æskulýðsstarf? ... en ófrjálst?
Skilgreina þarf hugtökin æskulýðssamtök – æskulýðsfélög.

Fyrir hönd FÍÆT

Linda Udengárd formaður
æskulýðs- og forvarnafulltrúi Kópavogs

Indriði Jósafatsson varaformaður
íþróttta- og æskulýðsfulltrúi Borgarbyggðar

Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir ritar
íþróttta- og æskulýðsfulltrúi Vestmannaeyjabæjar

Sigurður Guðmundsson meðstjórnandi
íþrótttafulltrúi Mosfellsbæjar

Haukur Geirmundsson meðstjórnandi
sviðsstjóri íþróttta-, tómstunda- og æskulýðssviðs Seltjarnarnesbæjar